



FJARÐABYGGÐ

Skipulags- og matslýsing

Stækkun hafnarsvæðis á Eskifirði


Deiliskipulag og aðalskipulag

6. febrúar 2017


Staðsetning breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi

Fyrirhugað er að breyta aðalskipulagi og stækka hafnarsvæðið á Eskifirði með landfyllingu. Stækkunin er ætluð fyrir hafnarstarfsemi. Breytingin nær til þéttbýlisuppráttar aðalskipulags Fjarðabyggðar fyrir Eskifjörð en þar yrði svæði H1, hafnarsvæði og A2, athafnasvæði, stækkað og viðeigandi breyting gerð í greinargerð. Áformuð stækkun yrði með landfyllingu en í tillögu verður gerð grein fyrir því efni sem nota á landfyllinguna og þeim efnisnámmum sem taka á efnið úr.

Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður gerð tillaga að breytingu á deiliskipulagi með heitið „Leira 1, iðnaðar og hafnarsvæði sunnan Strandgötu“ sem samþykkt var í sveitarstjórn 07.09.1996. Gerð hefur verið ein breyting á deiliskipulaginu sem samþykkt var 04.02.2016 en þá var gatna- og lóðafyrirkomulagi breytt. Nú verður gerð tillaga að því að stækka athafnasvæðið á hafnarbakkanum og gera nýjan hafnarkant. Til að beina straumi Eskifjarðarár frá bryggjunni þarf að gera varnargarð.



Mynd 1. Svæðið sem breytingin nær til á þéttbýlisupprætti fyrir Eskifjörð í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.



Mynd 2. Staðsetning breytingar á hafnarsvæði á deiliskipulagi „Leira 1, iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Strandgötu“.

Aðdragandi og tilgangur skipulagsgerðar

Eftirspurn er eftir auknu landrými fyrir hafnsækna starfsemi í Eskifjarðarhöfn. Töluverð uppbygging hefur verið á þessu svæði tengt uppsjávarvinnslu og frystigeymslu sem nýlega var reist. Lítið athafnasvæði er á bryggjussvæðinu fyrir starfsemina og því er áhugi á að stækka það, auk þess sem stefnt er að hagræðingu með því að skip sem þjónusta vinnsluna á þessu svæði geti lagst þarna að bryggju. Nauðsynlegt verður að dýpka við hafnarkantinn.

Meginmarkmið breytingar á aðal- og deiliskipulagi er að geta boðið upp á aukið athafnarými á hafnarsvæðinu með greiðu aðgengi að hafnarkanti.

Umhverfi og staðhættir

Ný landfylling er áformuð suðvestur af núverandi hafnarmannvirkjum. Aðkoma að svæðinu yrði um Leirubakka. Á nálægum lóðum er í gildandi aðal- og deiliskipulagi gert ráð fyrir frystigeymslum, húsnæði fyrir uppsjávarvinnslu, gámasvæði, svæði með olútönkum og spennistöð

Ströndin og landfyllingin er manngerð. Áður hefur Bleikdalsá runnið til sjávar við ströndina en eftir að núverandi landfylling var gerð rennur hún um tilbúin farveg, með landfyllingunni, síðasta spölinn til sjávar. Vegur liggur yfir óshólma Eskifjarðará á fyllingu og brú og myndar skil á milli hafs og lands. Sjávarmegin er landfyllingin og athafnasvæði hafnarinnar skammt undan og fremur aðgrunnt.

Einhver veiði er í Eskifjarðará en þar eru ekki seld veiðileyfi. Ekkert veiðifélag er um ána og engar skráðar aflatölur. Mest er af bleikju í ánni og stöku laxar. Í Eskifjarðará geta orðið miklir vatnavextir og getur hún 5-6 faldast að stærð. Við þær aðstæður getur hún brotið bakka sína og framburður til sjávar eykst mikið.

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins og þau svæði sem um ræðir eru ekki á náttúruverndaráætlun, friðlýst eða á náttúruinjasrá.

Tillögugerð

Þar sem fyrirhuguð stækkun landfyllingar og gerð hafnarkants kallar á breytingu bæði á aðalskipulagi Fjarðabyggðar og deiliskipulagi og eru breytingartillögurnar unnar samhliða og settfram sameiginleg skipulags- og matslýsing fyrir þær. Lýsingin er kynnt í samræmi við ákvæði skipulagslaga og laga um umhverfismat áætlana og óskað eftir athugasemdum við hana. Í kjölfarið verða breytingartillögurnar unnar og síðan kynntar og auglýstar samtímis.

Umhverfismat

Fyrirhuguð landfylling fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br., sbr. 2. viðauka, lið 2, með tilvísun í lið 2.03. í 1. viðauka laganna. Þar er tilgreint að efnistaka úr hafsbotni þar sem áætlað

efnismagn er 50.000 m³ eða meira er framkvæmd sem þarf að tilkynna til Skipulagsstofnunar og fá úrskurð um hvort framkvæmdin er matsskyld. Skipulagsbreytingarnar falla þar með undir lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Umhverfisskýrsla verður hluti af greinargerð breytingatillagnanna og mun taka mið af mati á aðal- og deiliskipulagsstigi. Á meðan málsmeðferð breytingatillagnanna stendur yfir verða framkvæmdirnar tilkynntar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. .

Við tillögugerðina verður fjallað um hvað áhrif landfylling og tilflutnings efnis kann að hafa á umhverfi og samfélag. . Áætlað er að efni í landfyllinguna komi frá dýpkunarframkvæmdum vegna hafnarkants og Norðfjarðargöngum

Þeir umhverfispættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmda og starfsemi á svæðinu og verða til umfjöllunar í umhverfismati eru:

- *Vatnafar og lífríki*, vegna nýrrar landfyllingar á strandsvæði við árós, áhrif á búsvæði í sjó.
- *Landslag og ásjúnd* vegna efnistöku og landslagsmótunar á framkvæmdatíma.

Fjallað verður um þá í umhverfisskýrslu og við umhverfismatið verður stuðst við viðmið m.a. úr eftirfarandi stefnuskjöllum:

Vatnafar, sjór og strandlengja	<i>Velferð til framtíðar</i> . Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013 <i>Líffræðileg fjölbreytni</i> . Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni. <i>Náttúruverndaráætlun</i> , friðlýst svæði og náttúruminjasrá. <i>Áhrif á sjávarstöðu</i> . Stefnumörkun í loftslagsmálum.
Minjar og landslag	<i>Menningarstefna í mannvirkjagerð</i> .
Öryggi	<i>Velferð til framtíðar</i> .

Viðmið munu einnig byggja á eftirfarandi lögum og tilheyrandi reglugerðum:

- Alþingi (2013): **Lög um náttúruvernd**, nr. 44/1999.
- Alþingi (2012): **Lög um menningarminjar**, nr. 80/2012.
- Alþingi (2010): **Skipulagslög**, nr. 123/2010.
- Alþingi (2006): **Lög um umhverfismat áætlaða**, nr. 105/2006.
- Alþingi (2011): **Lög um stjórn vatnamála**, nr. 15/2011.
- Alþingi (1997): **Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum**, nr. 49/1997.

Við matið verður stuðst við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa:

Vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð	++ Jákvæð áhrif á viðmið umhverfispáttar
Nokkuð jákvæð	+ Nokkuð jákvæð áhrif á umhverfispáttinn
Hlutlaus	0 Hlutlaus áhrif á umhverfispáttinn
Nokkuð neikvæð	÷ Nokkuð neikvæð áhrif á umhverfispáttinn
Neikvæð	÷÷ Neikvæð áhrif á umhverfispáttinn
Óvissa	? Áhrif eru óviss og ráðast m.a. af nánari útfærslu skipulags

Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma.

Skipulagsferlið

Málsmeðferð verður í samræmi við gr. 4.6 og 5.6 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Reikna má með að ferlið taki 5-7 mánuði frá því að skipulags- og matslýsing er send Skipulagsstofnun til umsagnar. Ferlið og fyrirkomulag vinnunnar verður eftirfarandi:

A. KYNNING LÝSINGAR

Skipulags- og matslýsing er send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar. Umsagnarfrestur er 3 vikur. Lýsingin er samtímis auglýst í Dagskránni og Austurglugganum og á vef

Fjarðabyggðar þar sem hún verður aðgengileg í 2 vikur. Ábendingar og athugasemdir skulu berast innan þess frests. Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd mun hafa hliðsjón af ábendingum og umsögnum sem henni berast en þeim verður ekki svarað með formlegum hætti.

Skipulags- og matslýsing verður einnig send Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Náttúrufestu Austurlands, Fiskistofu, Lóðarhöfum á leirusvæðinu og hafnarstjórn Fjarðabyggðar til umsagnar.

B. KYNNING TILLÖGU Á AÐALSKIPULAGSBREYTINGU OG DEILISKIPULAGI

Tillögur verða til sýnis á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnarbraut 2, 730 Fjarðabyggð og í þjónustugátt í bókasöfnum á Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Eskifirði og Norðfirði. Tillögurnar verða auglýstar með áberandi hætti á heimasíðu Fjarðabyggðar, www.fjardabyggd.is, í Dagskránni og Austurglugganum.

Tillagan verður send umsagnaraðilum til umsagnar og óskað eftir umsögn innan 2 vikna.

C. AUGLÝSING TILLÖGU

Samþykkt tillaga að aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingu verður auglýst í Dagskránni, Austurglugganum, dagblaði, Lögbirtingablaði, á netinu og með öðrum áberandi hætti. Auglýsingartími og athugasemdafrestur er að lágmarki 6 vikur frá upphafi auglýsingar.

D. AFGREIÐSLA TILLÖGU

Að afloknum athugasemdafresti eru tillögurnar teknar til umfjöllunar í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd og síðan bæjarstjórn. Afstaða er tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Umsögn um athugasemdir er send sem þeim sem þær gerðu. Niðurstaða bæjarstjórnar er auglýst.

Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillögurnar er ekki skylt að taka þær aftur fyrir í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd og bæjarstjórn, heldur skal senda hana Skipulagsstofnun.

Samþykktar tillögur eru sendar Skipulagsstofnun innan 8 vikna frá lokum athugasemdafrests.

Deiliskipulag: Ef Skipulagsstofnun hefur athugasemdir við deiliskipulagið þá skal hún tilkynna sveitarfélaginu það innan tveggja vikna frá því að Skipulagsstofnun barst deiliskipulagið. Samþykkt deiliskipulag er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda innan árs frá því að athugasemdafresti tillögu til deiliskipulagsins lauk og telst það þá taka gildi.

Aðalskipulag: Skipulagsstofnun staðfestir tillögu innan 4 vikna frá því að tillagan berst og birtir staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda.